



VERK FALL

HVAÐ ER **VERK FALL**?

HVAÐ ER **VERKBANN**?

HVENÆR MÁ FARA Í VERK FALL?

HVERNIG ER VERK FALL BOÐAÐ?

AÐ VERA Í VERK FALLI

VERKFAÐ



Þegar launafólk og atvinnurekendur deila um kaup og kjör í kjarasamningum er verkfallsrétturinn beittasta vopn launafólks.

Á sama hátt og launafólk hefur rétt til að fara í verkfall undir ákveðnum kringumstæðum geta atvinnurekendur sett á verkþann og stöðvað vinnu. Um verkföll og verkþann gilda lög sem sett voru árið 1938 og hafa verið uppfærð síðan (lög nr. 80/1938).

Hvað er verkfall?

Verkfall er þegar hópur launafólks með aðild stéttarfélags sameinast um að leggja ániður störf sín, að einhverju eða öllu leyti, í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði, til bættra kjara eða verndar rétti sínum. Verkfall getur falið í því að allir leggi niður öll störf frá tilteknum tíma, að hluti hópsins leggi niður vinnu frá tilteknum tíma, að öll vinna leggist niður tiltekna daga, að engin yfirvinna sé unnin, að vinna sé ekki innt af hendi um helgar, að tilteknir þættir starfsins séu ekki unnir, en öll önnur vinna með eðlilegum hætti og jafnvel getur það talið verkfall að fólk hægi á sér í vinnu frá því sem eðlilegt má teljast.

Hvað er verkþann?

Líkt og launafólk getur farið í verkfall þá geta atvinnurekendur boðað verkþann, þ.e. stöðvað vinnu og sent fólk heim launalaust. Almennt gilda sömu reglur um verkföll og verkþann.

Hvenær má fara í verkfall?

Þegar kjarasamningar eru í gildi er svokölluð friðarskylda, þ.e. hvorki má beita verkfalli né verkþanni. Verkföll geta því aðeins átt sér stað eftir að kjarasamningar renna út og þar með friðarskyldan. Forsenda þess að boða verkfall er líka að samningaviðræður hafi reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara. Fyrst er sem sagt reynt að semja, en ef ekki tekst að ræða saman þá er deilunni vísað til ríkissáttasemjara. Ef fundir sem eru haldnir fyrir milligöngu ríkissáttasemjara reynast árangurslausir er viðræðum slitið og í framhaldi er hægt að boða til verkfalls.

Hvernig er verkfall boðað?

Ákvörðun um verkfall verður að taka í almennri leynilegri atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna og þarf meirihlutinn að samþykkja verkfall. Stjórn, samninganefnd eða trúnaðarmannaráð viðkomandi stéttarfélags samþykkir að leita heimilda fyrir verkfalli og er það yfirleitt gert í póstatkvæðagreiðslu eða hin síðari ár í rafrænni atkvæðagreiðslu. Félagar eru þá einfaldlega spurðir hvort þeir samþykki að fara í verkfall á tilteknum tíma sem taki til tiltekins hóps, hvenær verkfall skuli hefjast og hvernig það skuli framkvæmt. Ef ekki er tekið fram hversu lengi verkfall skuli standa er það boðað ótímabundið. Þegar ákvörðun liggur fyrir eftir atkvæðagreiðslu þarf að tilkynna ríkissáttasemjara, og þeim sem verkfallið beinist gegn, niðurstöðuna með sjö sólarhringa fyrirvara.

Að vera í verkfalli

Að vera í verkfalli þýðir að fólk mætir ekki í vinnu og fær ekki greidd laun á meðan. Stéttarfélög eru þó flest með verkfallssjóði sem koma til móts við tekjutap félagsmanna í verkfalli. Misjafnt er hvernig eða hversu miklu er úthlutað úr sjóðunum. Allir sem verkfallið nær til verða að virða verkfallið hvort sem viðkomandi hefur samþykkt það eða ekki. Aðrir mega heldur ekki ganga í störf þeirra sem eru í verkfalli. Yfirleitt eru starfandi verkfallsverðir úr hópi þeirra sem eru í verkfalli sem sjá til þess að enginn brjóti gegn þessum reglum.

Nánari upplýsingar um verkföll má m.a. finna á Vinnuréttarvef ASÍ (<http://www.asi.is/vinnurettarvefur/>).

Þá veitir skrifstofa SGS og aðildarfélag þess jafnframt frekari upplýsingar.